

**hér, herna** *ao*

– hér er ég!

‡ • héðan « þarna

**þó, þó að, þótt** *ao*

– Sigríður fer í vinnuna þó hún sé veik

‡

**frá** *fs – þgf*

– ég er frá Þýskalandi  
– segðu frá!

‡ • frábær, frásögn

**þegar** *st/ao*

– stundum kemur regnbogi þegar það rignir

‡

**svar-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– geturðu svarað spurningunni?

‡ • svar « spyrja

**orð** *hk – hús*  
[-s, -]

– hvaða orð skiljið þið ekki?

‡ • orða; skilyrði, fullyrða

**skulu** *so vb-ór*  
[skal, skulum]

– ég skal fara út með ruslið

‡ • eiga

**spyrja** *so vb-0 – leggja*  
[spurði, spurðum, spurt]

– hver var að spyrja þig?

‡ • spurning « svara

**van-ur** *lo – gular Ö*  
[vön, -t; -ari, -astur]

– ég er vön að fara í sturtu á morgnana

‡ vanr • venja (so), venjulegur, óvenjulegur, venjulega

**harð-ur** *lo – gular Ö*  
[hörð, hart; -ari, -astur]

– brauðið er orðið hart

‡ harðr

**lík-ur** *lo – gular*  
[-, -t; -ari, -astur]

– mér finnst hann líkari móður sinni

‡ líkr/glíkr • líkt, líkja, líklegur, líklega, líkur (no), hvílíkur, þvílíkur » svipaður, eins « ólíkur

**nótt** *kv*  
[nætur, nætur]

– þú vinnur allar nætur

‡ • miðnætti « dagur

**þing** *hk – hús*  
[-s, -]

– er hann kominn á þing?

‡ • alþingi

**riða** *so sb-1 – grípa*  
[reið, riðum, riðið]

– hestamennirnir riðu yfir ána

‡

**hest-ur** *kk – hestur*  
[-s, -ar]

– bóndinn á marga hesta

‡ hestr

**væn-n** *lo – gular S*  
[-, -t; -ni, -stur]

– ég ætla að fá vænt ýsustykki

‡ » fallegur